

Útlendingastofnun

06 398

Ársreikningur 2023

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumans	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum	6
Skýringar	7

Útlendingastofnun

kt. 670269-6399

Dalvegur 18, 201 Kópavogi

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Útlendingastofnun er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs og er ein af undirstofnunum dómsmálaráðuneytisins. Umfangsmesti þátturinn í starfsemi Útlendingastofnunar er útgáfa dvalarleyfa. Útlendingastofnun afgreiðir allar umsóknir um dvalarleyfi, hvort sem um er að ræða dvalarleyfi á grundvelli atvinnuþátttöku eða t.d. fjölskyldusameiningar, námsvistar eða vistráðningar, vegabréfsáritanir og umsóknir um alþjóðlega vernd. Þar fyrir utan sinnir Útlendingastofnun margvíslegum verkefnum á sviði útlendingamála og á þar af leiðandi mikið og gott samstarf við stofnanir á hinum ýmsu sviðum.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 10 og málaflokk 50 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2023 var ársveltan kr. 642,6 milljónir og afkoma kr. -89,3 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -56,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 190,0 milljónir.

Starfsemin á árinu 2023 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráskilum fyrir árið 2023. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2023 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Útlendingastofnunar fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun sinni.

Kristín Völundardóttir,
forstjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2023

	Skýr	2023	2022
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	600.100.000	585.000.000
Seld þjónusta		83.835	36.915
Framlög og ýmsar tekjur	3	28.832.135	6.138.208
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	13.618.204	6.988.478
Tekjur samtals		642.634.174	598.163.601
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4	477.256.327	373.645.792
Annar rekstrarkostnaður	5	241.095.355	198.809.792
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		5.668	1.685
Afskriftir og niðurfærslur	6	13.618.204	6.988.478
Gjöld samtals		731.975.554	579.445.747
Afkoma ársins		(89.341.380)	18.717.854

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr	31.12.2023	31.12.2022
Eignir			
Handbært fé	7	84.813.547	42.824.575
Tengdir aðilar	8	2.527.488	106.022.264
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		851.052	0
Birgðir		20.532.382	37.052.620
Varanlegir rekstrarfjármunir	9	28.327.745	19.526.119
Óefnislegar eignir	10	52.909.067	21.104.476
Eignir samtals		<u>189.961.281</u>	<u>226.530.054</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	8	23.295.323	9.124.007
Viðskiptaskuldir		22.656.395	57.365.740
Ýmsar skammtímaskuldir	11	96.731.030	61.502.190
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	12	103.260.877	65.179.081
Skuldir samtals		<u>245.943.625</u>	<u>193.171.018</u>
Eignir samtals að frádrögnum skuldum samtals		(55.982.344)	33.359.036
Eigið fé			
Hrein eign	13	(55.982.344)	33.359.036
Eigið fé samtals		<u>(55.982.344)</u>	<u>33.359.036</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>189.961.281</u>	<u>226.530.054</u>
Aðrar upplýsingar			
	14		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

	Skýr	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(89.341.380)	18.717.854
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	13.618.204	6.988.478
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(13.618.204)	(6.988.478)
		<u>(89.341.380)</u>	<u>18.717.854</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(851.052)	3.140
Tengdir aðilar		115.141.671	(29.021.947)
Birgðir		16.520.238	(19.326.130)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		519.495	39.887.835
		<u>131.330.352</u>	<u>(8.457.102)</u>
		<u>41.988.972</u>	<u>10.260.752</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna		0	(21.461.128)
Kaupverð óefnislegra eigna, verk í vinnslu		(39.182.351)	0
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(15.042.070)	(3.684.964)
		<u>(54.224.421)</u>	<u>(25.146.092)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		2.524.421	0
Fjárfestingarframlag		51.700.000	25.146.092
		<u>54.224.421</u>	<u>25.146.092</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		41.988.972	10.260.752
		<u>42.824.575</u>	<u>32.563.823</u>
Handbært fé í árslok			
		<u>84.813.547</u>	<u>42.824.575</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2023	576.200.000	51.700.000	627.900.000
Fjárveiting skv. fjárlögum og fjárukalögum	576.200.000	51.700.000	627.900.000
Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda			
Launabætur	23.900.000		23.900.000
Fjárveiting ársins	600.100.000	51.700.000	651.800.000
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2022, (umframráðstafað)	33.359.036	24.548.486	57.907.522
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	633.459.036	76.248.486	709.707.522
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum	(689.441.380)	(54.224.421)	(743.665.801)
Staða fjárveitinga í lok árs 2023	(55.982.344)	22.024.065	(33.958.279)

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisýrningun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisýrningunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisýrningun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisýrningunartap fært í yfirlit um afkomu.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, frh.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsęjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsęjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2023	2022
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	600.100.000	585.000.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	13.618.204	6.988.478
	<u>613.718.204</u>	<u>591.988.478</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	576.200.000	0	0	576.200.000
Launabætur	23.900.000	0	0	23.900.000
Fjárveiting til tekna	600.100.000	0	0	600.100.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .	(689.441.380)	0	0	(689.441.380)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(89.341.380)	0	0	(89.341.380)

	2023	2022
3 Framlög og ýmsar tekjur		
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	11.792.567	0
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	5.550.341	6.128.208
Ýmsar tekjur	11.489.227	10.000
	<u>28.832.135</u>	<u>6.138.208</u>

4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	526.792.765	475.997.773
Orlof, breyting	8.150.283	(3.383.533)
Launatengd gjöld	119.175.219	108.443.790
Starfsmannakostnaður	23.716.450	6.347.231
Samtals launakostnaður	677.834.717	587.405.261
Hlutdeild annarra í kostnaði	(200.578.390)	(213.759.469)
	<u>477.256.327</u>	<u>373.645.792</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	52,7	48,7

5 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl.	2.973.258	2.443.340
Byggingarvörur, almennar	80.448	113.451
Byggingarvörur, aðrar	16.435	9.002
Tæki og búnaður til innréttinga	12.965	0
Ýmis tæki og áhöld	731.195	2.005.382
Orkugjafar	3.174.986	3.523.352
Matvæli	11.214.775	10.861.949
Almennar rekstrarvörur	2.811.866	754.011
Vörukaup, almenn	21.015.928	19.710.487
Ýmsar sérgreindar vörur	2.445.955	31.319.379
Vörukaup, sérgreind	2.445.955	31.319.379

Skýringar

	2023	2022
5 Annar rekstrarkostnaður, (frh.)		
Fundir, námskeið, risna	955.455	1.087.621
Ferðir, uppihald	2.936.772	5.616.104
Akstur	1.851.841	2.147.997
Sérfræðipjónusta	84.305.756	59.964.624
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	677.247	482.359
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	2.131.829	2.317.542
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	11.829.807	9.140.724
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	<u>104.688.707</u>	<u>80.756.971</u>
Afnotagjöld	18.404.154	22.764.301
Leigugjöld	48.531.366	40.748.378
Notkun véla og flutningatækja	86.620	550.999
Verkkaup	8.569.095	5.392.596
Kostnaðarhlutdeild	24.359.107	34.180.818
Áhættutap og bætur	0	50.000
Tryggingar, lögboðnar	0	350.868
Opinber gjöld	83.197	37.615
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<u>100.033.539</u>	<u>104.075.575</u>
Birgðabreytingar, fullunnar vörur	16.520.238	(37.052.620)
Vörur til endursölu og birgðabreyting	<u>16.520.238</u>	<u>(37.052.620)</u>
Hlutdeild annarra í kostnaði	(3.609.012)	0
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>241.095.355</u>	<u>198.809.792</u>
6 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	6.141.940	5.537.793
Aðrar eignir	98.504	93.648
Niðurfærsla óefnislegra eigna	7.377.760	1.357.037
	<u>13.618.204</u>	<u>6.988.478</u>
	31.12.2023	31.12.2022
7 Handbært fé		
Sjóðir	729.682	604.816
Tékkareikningar	84.083.865	42.219.759
	<u>84.813.547</u>	<u>42.824.575</u>

Skýringar

31.12.2023 **31.12.2022**

8 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	0	100.940.335
Aðrir ríkisaðilar	2.527.488	5.081.929
	<u>2.527.488</u>	<u>106.022.264</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	3.662.981	0
Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila	19.632.342	9.124.007
	<u>23.295.323</u>	<u>9.124.007</u>

9 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	27.605.381	18.705.251
Aðrar eignir	722.364	820.868
	<u>28.327.745</u>	<u>19.526.119</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2023:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2023	39.855.262	985.048	40.840.310
Viðbætur á árinu	15.042.070	0	15.042.070
	<u>54.897.332</u>	<u>985.048</u>	<u>55.882.380</u>
Afskriftir 01.01.2023	21.150.011	164.180	21.314.191
Afskrift ársins	6.141.940	98.504	6.240.444
	<u>27.291.951</u>	<u>262.684</u>	<u>27.554.635</u>
Staða 31.12.2023	<u>27.605.381</u>	<u>722.364</u>	<u>28.327.745</u>

31.12.2023 **31.12.2022**

10 Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir	13.726.716	21.104.476
Verk í vinnslu, hugbúnaður.....	39.182.351	0
	<u>52.909.067</u>	<u>21.104.476</u>

Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2023:

	Hugbúnaður
Stofnverð 01.01.2023	23.945.278
	<u>23.945.278</u>
Niðurfært 01.01.2023	2.840.802
Niðurfærsla ársins	7.377.760
	<u>10.218.562</u>
Staða 31.12.2023	<u>13.726.716</u>

Skýringar

	31.12.2023	31.12.2022
11 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	69.632.473	61.482.190
Önnur ógreidd gjöld	27.098.557	20.000
	96.731.030	61.502.190

12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2023	31.12.2022
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	81.236.812	40.630.595
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað)	22.024.065	24.548.486
	103.260.877	65.179.081

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2023	40.630.595	24.548.486	65.179.081
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	51.700.000	51.700.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	15.042.070	(15.042.070)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum, verk í vinnslu	39.182.351	(39.182.351)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(13.618.204)	0	(13.618.204)
	81.236.812	22.024.065	103.260.877

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2023 munu kr. 12,7 milljónir koma til tekna á árinu 2024.

13 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2023	31.12.2022
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	33.359.036	14.641.182
Afkoma ársins	(89.341.380)	18.717.854
Jöfnuður 31.12.	(55.982.344)	33.359.036

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

14 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Gerðir hafa verið skuldbindandi samningar um húsnæði til júlí 2026, rekstrar- og þjónustusamninga auk annara samninga. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 47,1 milljónum, vegna rekstrar- og þjónustusamninga kr. 24,8 milljón og vegna annara samninga kr. 25,7 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2023.

Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.